



Faghópur II

Fundargerð 15. fundar

Orkugarði 16. september 2009, kl. 16:00

Mætt: Anna G. Sverrisdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson, Ólafur Örn Haraldsson, Rögnvaldur Ólafsson, Sveinn Runólfsson og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð. Einnig sat fundinn Friðrik Dagur Arnarsson úr verkefnisstjórn.

Fundarfrásögn:

1. **Fundargerðir** tveggja síðustu funda, 3. og 10. sept., voru samþykktar.
2. **„Jarðferðamennska í íslensku samhengi.“** Rögnvaldur kynnti nýja möguleika í íslenskri ferðapjónustu er tengjast jarðfræði landsins. (Sjá glærusýningu með fundargerð á vinnusvæði heimasíðu.)
3. **Vettvangsferð til Norðurlands.** Ferð faghópsins til Mývatnssvæðis og í Skagafjörð gekk að óskum og var mikil ánægja með afraksturinn. Við skoðun Kröflusvæðis höfðu vaknað nokkrar spurningar viðvíkjandi borholum og fyrirhugðum borteigum og hafði verið kallað eftir nánari upplýsingum frá Landsvirkjun, fyrst og fremst um fyrirhugaðar framkvæmdir við Leirhnúk og áhrif á vinsæla gönguleið. M.a. sendi Landsvirkjun nýtt kort af svæðinu sem sýndi borholur, núverandi og fyrirhugaða borteiga og gönguleiðir. Við skoðun kortsins vöknudu frekari spurningar sem starfsmanni var falið að leita svara við. Fram kom sú skoðun að Kröflusvæðið hefði nokkuð látið á sjá vegna orkuframkvæmda, þeistareykjasvæðið hefði skaðast verulega vegna framkvæmda og beitar, en Gjástykkið væri enn tiltölulega óraskað af virkjunarframkvæmdum.
4. **Aðferðafræði hlunninda.** Jóhannes kynnti aðferðafærði vegna mats á hlunnindum sem áður hafði verið farið yfir. (Sjá kynningu hans á vinnusvæði með fundargerð frá 3. sept..) Útgangspunktur er sú nálgun sem stuðst var við í 1. áfanga en hún þarfnast endurskoðunar, helst hvað varðar viðföng og vægi.
 - a. Viðföng. Ákveðið var að viðföng yrðu þrjú og undirviðföng samkvæmt neðangreindu;
 - i. Veiði
 1. Veiðar í ám
 2. Veiðar í vötnum
 3. Skotveiðar
 - ii. Beit og ræktað land
 - iii. Önnur hlunnindi (fjallajurtir, t.d. grös, ber, sveppir ofl., og við sjávarsíðuna t.d. æðarvarp, söl, selir ofl.)

- b. Vægi. Vægi milli veiða í ám (0,37) og í vötnum (0.46) frá 1.áfanga vakti furðu. Viðmiðun voru veiðidagar en ekki verðmæti eins og raunin var varðandi beitiland og ræktun þar sem miðað var við verðmæti. Þetta þyrfti að samræma. Verðmæti veiða ætti að miða við hvað landeigandi fái í sinn hatt en ekki við söluverðmæti veiðileyfa.
- c. Almennt mat að mati Jóhannesar:
 - i. Einkunnaskali (0, 1, 3, 6, 10) hentar vel.
 - ii. Undirviðföng eru fá og skýrt afmörkuð.
 - iii. Vægi viðfanga þarf að endurmeta m.t.t. mat á ferðapjónustu og útivist.
 - iv. Afla þarf gagna frá Veiðimálastofnun og fleiri aðilum til að ná fram endanlegu mati.

5. Prófun aðferðafræðinnar. Rætt var um hvernig mætti prófa aðferðafræði ferðapjónustu og útivistar. Ákveðið var að taka fyrir Torfajökulssvæðið (jarðhiti) og Markarfljót (vatnsafl) og nota matið til að slípa aðferðina til. Þá kom einnig fram sú hugmynd að í lokin yrði safnað saman hópi sérfróðra aðila („wise-men panel“) til að endurtaka matið samkvæmt aðferðafræðinni og kanna hvort niðurstöður væru í samræmi við útkomu mats faghópsins.

6. Vinnuáætlun haustsins. Formaður lagði fram drög á fundaáætlun haustsins. Afráðið var að halda þessum fundatíma (kl. 16:00 á miðvikudögum í Orkustofnun) og sitja stundum lengur en 3 klst. Áætlunin er eftirfarandi:

23. sept.: kl. 16:00-19:00: Ferðamenska og útivist. Mat á Torfajökulssvæði og Markarfljóti.

28. sept.: Kl. 15:30: Kynningarfundur Landnets (Orkustofnun)

30. sept.: kl. 16:00-19:00: Skilgreiningar áhrifasvæða, aðferðafræði ferðapjónustu og útivistar, mat.

7. okt.: kl. 14:00-17:00: Vogtölur hlunnindi vs ferðamenska, áhrifasvæði, aðferðaræði ferðapjónustu og útivistar.

9.-10. okt: Umhverfisþing. Þema: Sjálfbær þróun.

14.-15. okt.: Frá kl. 14:00 á miðvikudegi til hádegis á fimmtudegi: Lokaútgáfa aðferðafræði, matsvinna, svæði (?). Athuga með fundarstað á Laugarvatni.

29. okt. kl. 16:00-17:30 Farið yfir og gengið frá kynningu aðferðafræði.

30. okt. kl. 14:00-16:30. Kynningarfundur um aðferðafræði í Þjóðminjasafni.

4. nóv. kl. 14:00-17:00: Matsfundur

11. nóv. kl. 14:00-17:00: Matsfundur

18. nóv. kl. 14:00-17:00: Matsfundur

25. nóv. kl. 14:00-17:00: Matsfundur (?)

7. Staða Önnu Dóru og Friðriks. Í lok fundarins vakti Anna Dóra athygli á stöðu sinni sem varamanns í stjórn Landsvirkjunar og muni þ.a..l. sitja nokkra stjórnarfundu fyrir tækisins. Þá varpaði Friðrik Dagur fram spurningu um stöðu sína innan hópsins; hvort ávallt yrði litið á hann sem gest á fundum eða hvort hann ætti að verða formlegur meðlimur. Formaður hópsins mun ræða við Svanfríði Jónasdóttur um hvort Friðrik eigi að tilheyra hópnum og fái þar með greitt fyrir fundarsetu sem slíkur.

8. Næsti fundur. Sjá fundaáætlun að ofan.